

AUGLÝSING

um staðfestingu safnaráðs á stofnskrá Grasagarðs Reykjavíkur.

Með vísan til 3. tl. 10. gr., sbr. c-lið 2. mgr. 7. gr. safnalaga nr. 141/2011, staðfesti safnaráð þann 28. október 2013 stofnskrá Grasagarðs Reykjavíkur.

Stofnskráin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Reykjavík, 25. júní 2015.

F.h. safnaráðs,

Ágústa Kristófersdóttir framkvæmdastjóri.

Fylgiskjal.

STOFNSKRÁ

fyrir Grasagarð Reykjavíkur – Hortus Botanicus Reykjavikensis

I. KAFLI

Um stjórnun safnsins og verkefni þess

1. gr.

Grasagarður Reykjavíkur – Hortus Botanicus Reykjavikensis er safn í eigu Reykjavíkurborgar. Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur ber ábyrgð á rekstri og stjórnslu safnsins þar á meðal fjármálum, starfsmannamálum og framkvæmdum. Umhverfis- og skipulagsráð fer með stefnumörkun í málefnum Grasagarðsins. Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur hefur eftirlit með að samþykktum og stefnu sé fylgt. Stjórnendur umhverfis- og skipulagssviðs fara með stjórn garðsins og gera tillögu að heildarstefnu safnsins ásamt forstöðumanni sem er endurskoðuð á 4 ára fresti. Rekstrarkostnaður safnsins greiðist úr borgarsjóði í samræmi við fjárhags- og starfsáætlun ár hvert.

Forstöðumaður Grasagarðsins er í fullu starfi og fer með daglega ábyrgð á rekstri safnsins. Forstöðumaður Grasagarðsins hefur sjálfstæði til þess að taka ákvarðanir fyrir safnið hvað varðar fjárhag innan samþykktis fjárhagsramma og starfsáætlunar hverju sinni auk starfsmannamála, söfnun safngripa, dreifingu á safngripum og vinnur í nánnum tengslum við stjórn safnsins og umhverfis- og samgönguráð að stefnumótun. Störf forstöðumanns skulu fylgja siðareglum Alþjóðaráðs safna, ICOM (International Council of Museums) í samræmi við 10. gr. safnalaga nr. 141/2011.

2. gr.

Hlutverk Grasagarðs Reykjavíkur er að varðveita plöntusöfn lifandi og þurrkaðra tegunda (herbarium), stunda fræðslustarfsemi og rannsóknir á sviði grasafræði, garðmenningar og garðyrkju. Safnið starfar eftir gildandi lögum um söfn á Íslandi og tekur mið af alþjóðlegum samningum svo sem Ríó-samþykktinni, Bernarsáttmálanum, CITES og ICOM, einnig lögum um náttúruvernd m.a. um friðlýstar lífverur og lög um eiturefni og hættuleg efni. Einnig fylgir Grasagarðurinn umhverfis- og auðlindastefnu Reykjavíkurborgar og jafnframt er starfsemin vottuð og hluti af umhverfis-stjórnunarkerfi umhverfis- og skipulagssviðs.

Helstu verkefni Grasagarðs Reykjavíkur eru:

1. að safna, skrásetja, varðveita og rannsaka íslenskar og erlendar plöntutegundir,
2. að varðveita eintök af friðuðum íslenskum plöntutegundum og tegundum sem eru í útrýmingarhættu,
3. að sinna fræðslu um grasafræði, garðmenningu og garðyrkju með sýningarhaldi, leiðsögn, kennslu, fyrirlestur, námskeiðum og útgáfu,
4. að stuðla að fræðistörfum innan grasafræði, garðmenningar og garðyrkju,
5. að veita borgaryfirvöldum ráðgjöf varðandi meðferð og varðveislu villtra og hálfvilltra gróðurlenda í eigu borgarinnar.

3. gr.

Grasagarðinum er heimilt að innheimta aðgangseyri og gjald fyrir veitta þjónustu í samræmi við fyrirmæli 19. gr. safnalaga nr. 141/2011. Gjöld skulu innheimt samkvæmt gjaldskrá sem staðfest er af borgarstjórn. Allur arður af starfsemi safnsins rennur til safnsins sjálfs.

4. gr.

Grasagarður Reykjavíkur er opin á auglýstum tímum. Safnið og starfsemi þess skal eftir því sem kostur er kynnt nemendum skóla í samráði við skóla- og frístundasviði Reykjavíkur. Einnig skal fræðsla skipulögð fyrir almenning.

5. gr.

Sviðsstýra umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur ræður forstöðumann safnsins. Hann skal hafa sérfræðimenntun á sviði grasafræði og garðyrkju og reynslu af starfsemi/rekstri safna. Starfið skal auglýst samkvæmt samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

II. KAFLI

Um aðföng safngripa, gjafir og upplausn safnsins.

6. gr.

Safnið á í gagnkvæmum fræ- og plöntuskiptum við erlenda grasagarða og hliðstæðar stofnanir. Fræ- og plöntuskiptin skulu hlíta Ríó-sáttmálanum um líffræðilega fjölbreytni lífvera, en hann felur í sér að plöntur í fræskiptum skulu eingöngu notaðar til varðveislu, fræðslu og rannsókna. Fræi og plöntum er safnað eftir skilgreindum markmiðum sem endurspeglar heildarstefnu safnsins.

7. gr.

Verði safnið lagt niður eða rekstrarformi breytt skal ráðstafa safnkosti þess í samræmi við fyrirmæli 12. og 16. gr. safnalaga nr. 141/2011. Skráningarupplýsingar safnsins skulu gerðar aðgengilegar fræðimönnum.

8. gr.

Meðferð gjafa fylgja reglum Reykjavíkurborgar um gjafir. Gjöf til safnsins skal fylgja gjafabréf. Gjafir og fjárframlög til safnsins eru frádráttarbær til skatts, sbr. ákvæði laga um tekjuskatt nr. 90/2003, með áorðnum breytingum.

III. KAFLI

Heimild til að setja á stofn styrktarfélag.

9. gr.

Heimilt er að stofna styrktarfélag við Grasagarð Reykjavíkur. Skal aflafé þess sett í sérstakan sjóð og varið til afmarkaðra verkefna. Slíkt fé skal ekki dragast frá þeirri fjárhæð, sem er árlega ætluð til starfsemi safnsins í fjárhagsáætlun borgarinnar.